

# Árangurskönnun Atvinnuþróun og nýsköpun


NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í  
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2019

# Inngangur

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2018 og hefur öllum verkefnum verið lokið.
- Könnun þessi var send út á samtals 36 styrkþega og fengust svör frá 11 eða samtals 31% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 25. nóvember - 15. desember, send var út en áminning.
- Eins og undanfarin ár gekk verr að fá svör úr flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar en menningu og höfum við ekki skýringu á því.


# Flokkur verkefna og árleg velta

Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?



Flest verkefni tilheyrðu flokki ferðapjónustu. Þar á eftir var flokkurinn iðnaður, og landbúnaður, iðnaður, og rannsóknir/þróun/fræðsla voru jöfn þar á eftir. Er hér um að ræða nokkra breytingu frá síðustu könnun, en aukning hefur verið í verkefnum tengd ferðapjónustu og iðnaði. Meirihluti hlaut styrk úr haustúthlutun 2019.


Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Aðeins fleiri svarendur hlutu styrk að vori en að hausti.




# Lok styrkveitingar, styrkupp hæð og árleg velta

Af þeim svöruðu könnuninni luku allir styrkveitingu með lokaskýrslu. Styrkupp hæð flestra verkefna var á bilinu 501 þúsund – 1 milljón. Árleg velta flestra var frá 0-5 m.kr.

## Hver var upp hæð styrksins sem verkefnið hlaut?




## Hver var árleg velta á síðasta ári?




# Velta

Ánægjulegt er að sjá hveru margir þeirra sem svöruðu könnunni telji að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu og að nú þegar hefur velta aukist hjá yfir 45% styrkþega.

Eftir að vekefni lauk hefur velta aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu?




# Hagnaður

Meirihluti telur að styrkveiting muni eða hafi nú þegar átt þátt í að auka hagnað.

Eftir að vekefni lauk hefur hagnaður aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka hagnað?




# Störf og stöðugildi

Þegar spurt er um hvort stöðugildum hafi fjölgað eftir að verkefni lauk svara 64%, og 64% telja að styrkveiting hafi átt þátt í að skapa störf. Störfin sem skapast eru flest sem krefjast annars konar menntunar en menntunar á háskólastigi eða iðn- eða tæknimenntunar. Þá hefur styrkveiting einnig skapað störf sem krefjast ekki sérmenntunar.


Eftir að verkefni lauk hefur stöðugildum fjölgað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS átt þátt í að skapa störf?




Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?




# Þróun frumgerðar og áætlanagerð

Í 55% tilfella hefur styrkveiting skilað sér í þróun frumgerðar vöru eða þjónustu, og í 45% tilfella skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar eða hagkvæmnikönnunar.

Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/eða þjónustu?



Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og/eða hagkvæmnikönnunar?







# Aukin markaðssókn og einkaleyfi

Allir þeir sem svöruðu könnuninni telja að styrkveiting á vegum SASS muni leiða til aukinnar markaðssóknar. Styrkveiting hefur ekki leitt til einkaleyfis í mörgum tilvikum, en aðeins 9% gera ráð fyrir því innan tveggja ára.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til aukinnar markaðssóknar?




Hefur styrkveiting á vegum SASS þegar leitt til einkaleyfis?




# Ný vara/þjónusta, aukin markaðssókn og einkaleyfi

Allir þeir sem svöruðu könnuninni telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til eða gera ráð fyrir að hún muni leiða til þess að ný vara eða þjónusta var eða verði sett á markað. Þá telja 45% svarenda að styrkurinn hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað?



Telur þú að styrkveitingin hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins, s.s. aðrir styrkir eða önnur fyrirgreiðsla?




# Árangur, stærð og fjöldi styrkveitinga


Meirihluti styrkþega eru sammála því að stærð og fjöldi styrkveitinga á að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni, og að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga.

Flestir eru sammála því að halda eigi í fjölda úthlutana á ári, þ.e.a.s. eina að vori og eina að hausti. Flestir telja að árangur verkefnis með tilliti til markmiða sjóðsins hafi verið frekar eða mjög góður.

Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að „efla fjölbreytileika atvinnulífs og styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi“?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna á Suðurlandi?



Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




# Ánægja styrkþega


Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með:

Ánægjulegt er að sjá að flestir eru frekar eða mjög ánægðir með styrkveitingar, handleiðslu, eftirfylgni og útgreiðslu styrkja á vegum SASS. Breyting er frá fyrr könnun um ánægju með styrkveitingu, en nú eru 64% sem eru frekar ánægðir og 36% mjög ánægðir, en fyrri könnun voru 65% mjög ánægðir en 23% frekar ánægðir. Þeim fer fækkandi sem eru mjög ánægðir, svipaðar tölur má segja um ánægju með handleiðslu og eftirfylgni, en þar eru fleiri frekar ánægðir og færri mjög ánægðir. Ánægja með útgreiðslu styrkja hefur þó aukist frá fyrri könnun.


Ánægja með styrkveitingu



Ánægja með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS




Ánægja með útgreiðslu styrkveitinga



# Stuðningsþjónusta

Niðurstöður þegar spurt um hvort þörf eru á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtæki eru afgerandi og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun ásamt aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði trónir þó á toppnum líkt og í fyrra.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta? (Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	72.73%	8
Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	54.55%	6
Aðstoð við markaðsmál	36.36%	4
Handleiðslu og ráðgjöf	36.36%	4
Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbygginarsjóð	27.27%	3
Upplýsingaþjónusta	18.18%	2
Handleiðslu í nýsköpun	18.18%	2
Aðgengi að fræðslu og þekkingu	18.18%	2
Eftirfylgni styrkveitinga	9.09%	1
Aðstoð við einkaleyfisumsóknir	9.09%	1
Annað, þá hvað	9.09%	1
Aðstoð við útflutning	0.00%	0
Þróun vöru og þjónustu	0.00%	0
Aðstoð við rekstur og stjórnun	0.00%	0
Aðstoð við stofnun fyrirtækja	0.00%	0
Total Respondents:	11	

# Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

Thank you so much for giving me a grant. It really helped me get to the finish line without getting myself into terrible debt. It's been a huge success both nationally and internationally and The positivity I can bring with the business is the best feeling to have. I've created three full time positions of employment in the lowest season and many more during high season. It's been such hard work but worth it. THANK YOU.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

# Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára.

Almennt eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir.

Eins undanfarin ár er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru það sömu þrír flokkarnir sem standa upp úr, þeir eru: aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði og aðstoð við markaðsmál.